

Fundargerð

174. fundur stjórnar HEF ehf. haldinn á Hótel Héraði, mánudaginn 25. ágúst 2014 kl. 17:30.

Mættir eru: Gunnar Jónsson, Guðbjörg Björnsdóttir, Gunnhildur Ingvarsdóttir, Karl Lauritzson, Skúli Björnsson og Guðmundur Davíðsson framkvæmdastjóri.

Af aðalmönnum er fjarverandi:

Dagskrá:

1. Umsögn varðandi vatnsvernd Urriðavatni
2. Innkomin erindi til upplýsinga
3. Skýrsla framkvæmdastjóra
4. Önnur mál

Gengið til dagskrár.

Gunnar Jónsson formaður stýrði fundi.

1. Umsögn varðandi vatnsvernd Urriðavatni

Í greinargerð dags. 13.08.2014 frá ISOR samantekinni af Þórólfi Hafstað er eftirfarandi um vatnsvernd svæðisins.

“Tillaga var gerð um vatnsverndarsvæði á Urriðavatnssvæðinu (Þórólfur H. Hafstað og Finnbogí Óskarsson 2013) og tekur hún mið af tveimur reglugerðum (nr. 536/2001 og nr. 796/1999). Vatnsverndartillagan var gerð í samræmi við aðstæður, sem algengastar eru hérlendis en hér eiga þessar reglur frekar illa við.

Skilgreiningin á vatnsverndarsvæðum umhverfis holurnar við Urriðavatn byggir sem sagt á almennt orðuðum reglum, sem samdar eru til að passa allstaðar. Það gerir þær svolítið loðnar á stundum og ef til vill ekki síst hér. Sums staðar erlendis eru ákvæði um hversu lengi vatnið er að síga til vatnsbólsins og er stærð vatnsverndarsvæðisins þá miðuð við það. Þannig eru til ákvæði um að grannsvæðisvernd skuli tryggja að vatnið hafi verið 40-90 daga á leiðinni í gegnum jarðlögin að vatnsbóli. Þessi tími á að tryggja að nægileg síun hafi orðið á vatninu og að það sé gerlafrítt. Þess konar ákvæði eru ekki í íslensku reglunum en eigi að síður er stundum tekið mið af þeim þegar gerðar eru tillögur um vatnsverndarsvæði hérlendis.

Urriðavatnssvæðið hefur að mörgu leyti allmikla sérstöðu eins og fyrr hefur verið sagt. Það á uppruna sinn að rekja langt utan við það svæði, sem skilgreint hefur verið sem verndarsvæði.

Ósprungið, fast berg á Héraði er afar tregleiðandi og það út af fyrir sig veitir heita vatninu verulega góða vernd gegn yfirborðsvatnsmengun.

Oft er miðað við að ekki skuli leyfa nýja byggð á grannsvæði vatnsbóls. Hér er mengunarhætta á grannsvæðinu talin vera afar lítil og fyrst og fremst ef botninn í Urriðavatni bilar. Ef svo ólíklega mundi vilja til gæti lífrænt set af vatnsbotninum borist niður í heitavatnskerfið. Þá skiptir ekki máli hvort ylströnd sé við vatnsbakkann eður ei.

Í stuttu máli

1. Vel frágengnar holur með síðum fódringum veita góða vörn gegn hugsanlegri mengun.
2. Þétt berg undir Urriðavatni á að tryggja að yfirborðsvatn berist ekki niður í vatnskerfið.
3. Vissa er um að vatnið úr borholunum er verulega langt að komið.
4. Ylströnd við Urriðavatn eykur ekki hættu á að borholuvatnið mengist.

Stjórn er sammála að út frá þessum forsendum eru ekki neinar líkur á að starfsemi tengd Ylströnd geti haft áhrif á vinnsluvatn HEF ehf. enda verði starfsemi Ylstrandar samt sem áður samkvæmt lögum og reglum um slíka starfsemi.

2. Innkomin erindi til upplýsinga

- a) Frumvarp til laga um náttúruhamfaratryggingar. Framkvæmdastjóri fór yfir það sem verið er að skoða varðandi umsögn Samorku.
- b) Framkvæmdastjóri kynnti áform um útgáfu Samorku á kynningarefni um hvað má fara í fráveitukerfi. Mikil vandamál eru að skapast hjá veitum landsins vegna klúta sem brotna ekki niður í náttúrunni.
- c) Eftirlitsskýrsla HAUST vegna seyrugryfju við Skjöldólfsstaði. Búið er að ganga frá öllu nema að enn er eftir að merkja svæðið.
- d) Seyrugryfja Vallanesi: Bréf frá HAUST dags 30. júlí 2014, áréttað er að í starfsleyfi er það skilyrt að sá áburður sem til hefur orðið í gryfjunni verði nýttur til trjáræktar í samráði við HAUST.

- e) Endurskoðunarskýrsla HEF ehf. lögð fram til kynningar fyrir stjórn.

3. Skýrsla framkvæmdastjóra

- a) Verkfundargerðir 5,6,7 Göngustígur og stofnlagnir. Framkvæmdastjóri fór yfir stöðu og verður heitavatnið tengt n.k. fimmtudag.
- b) Verið er flytja búnað úr dælubrunni við Hamragerði sem verður gert um leið og vatnið verður tekið af stofnlögninni.
- c) Einnig verður gengið frá stútum í Kyndistöð fyrir nýju skerpidæluna sem þar eiga að koma.
- d) Verið er vinna áætlun um að draga rör fyrir kalt vatn í hitaveiturörið yfir Lagarfljótsbrúna.
- e) Fjárhagsáætlun þarf að vera búin í september að ósk fjármálastjóra Fljótsdalshéraðs. Ljóst er vinna við 8 mánaða uppgjör lýkur ekki fyrr en um mánaðarmót sept-okt þannig fjárhagáætlun 2015 verður ekki tilbúin fyrr en fyrir miðjan október.

4. Önnur mál

- a) Skúli spurði hvort ekki væri orðið tímabært að aflétta kvöðum í skipulagi um vatnsvernd á gömlu vatnsbólunum á Egilsstaðanesi.
- b) Skúli benti á að uppfæra þarf upplýsingar um stjórn HEF ehf. á heimasíðu.
- c) Gunnar spurði um afnot starfsmanna af bílum veitunnar. Framkvæmdastjóri svaraði að þegar starfsmenn eru á bakvakt hafa þeir bíla heima hjá sér. Ákveðið að veitan setji sér vinnureglur sem séu í samræmi við það sem gerist hjá öðrum veitum í svipuðum verkefnum.
- d) Guðbjörg spurði um möguleg áhrif á rekstur veitunnar. Framkvæmdastjóri fór yfir það sem hugsanlega gæti haft truflandi áhrif á kerfi veitunnar.
- e) Framkvæmdastjóri vakti athygli á að en er ólokið deiliskipulagi á Skólabrún í Fellabæ þar sem veitan á lagnir og tengistúta í jörðu. Mjög æskilegt er að koma þessari götu í nýtingu.
- f) Næsti fundur verður haldinn fimmtudaginn 18. Sept. n.k. kl 17:30.

Fundargerð upp lesin og fundi slitið kl. 20:02

Fundargerð ritaði Skúli Björnsson